

# **Þorsteins saga hvíta**

# Þorsteins saga hvíta

## 1. kafli

Maður hét Ölvir hinn hvíti. Hann var Ósvaldsson, Göngu-Hrólfssonar, Öxna-Þórissonar. Hann var lendur maður í Noregi og bjó í Naumudal. Hann stökk fyrir ófriði Hákonar jarls á Yrjar og dó þar. Hann átti einn son barna er Þorsteinn hét og var kallaður Þorsteinn hvíti. Hann fór þegar eftir andlát föður síns út til Íslands með alla fjárhluti sína og kom skipi sínu í Vopnafjörð. En þá var lokið landnámu á öllu Íslandi.

Sá maður bjó þá að Hofi í Vopnafirði er hét Steinbjörn og var kallaður körtur og hafði honum þar land gefið Eyvindur föðurbróðir hans, allt á milli Vopnafjarðarár og Vesturdalsár. Steinbjörn var eyðslumaður mikill í búinu.

En er Þorsteinn vissi það að lönd öll voru numin áður fór hann á fund Steinbjarnar og kaupir hann að honum land og reisir bæ á Tóftavelli og bjó þar nokkura vetur og varð honum gott til fjár og metnaðar. Hann hafði skamma stund í búi verið áður hann fór og leitaði sér ráðs og bað konu þeirrar er Ingibjörg hét og var hún dóttir Hróðgeirs hins hvíta Hrafnssonar. Hennar fékk hann. Við þessari konu átti hann fimm börn. Sonur hans hét Önundur en annar Þórður, þriðji Þorgils. Dætur hans hétu Þorbjörg og Þóra. Þorgils var hinn mannvænlegasti maður.

Þorsteinn græddi fé í ákafa. Steinbirni kört varð féfátt og fór á fund Þorsteins og beiddist fjárláns af honum. Þorsteinn er og góður af fjárláninu og þangað til tekur hann lán af Þorsteini að harðla mjög eyðist fé Steinbjarnar og þykir Þorsteini versna skuldunauturinn og þykir óvís skuldastaðurinn að Steinbirni. Og nú heimtir hann féið og lýkst með því þeirra fjárreiður að Steinbjörn geldur Þorsteini Hofland og fór Þorsteinn byggðum til Hofs og kaupir sér goðorð og gerist hinn mesti sveitarhöfðingi. Hann var allra manna vinsælastur.

Og er Þorsteinn hafði búið marga vetur að Hofi þá gerðust þau tíðindi að herbergjum hans að Ingibjörg tók sótt og andaðist. Þorsteini þótti þetta skaði mikill en hélt þó búi sínu sem áður.

## 2. kafli

Maður hét Þórir. Hann var sonur Atla er bjó í Atlavík fyrir austan vatn. Þar eru nú sauðhús. Þórir var kvongaður. Kona hans hét Ásvör og var dóttir Brynjólfs hins gamla. Þau Þórir áttu tvö börn. Hét sonur þeirra Einar en Ásvör dóttir. Einar var vasklegur og eigi stór maður, hávaðamaður mikill og í meðallagi vinsæll. Ásvör var kvenna vænst og vinsælust.

Það gerðist til tíðinda á hag Þorsteins hvíta að hann tók augnaverkið svo mikinn að þar fyrir missti hann sjónina, þykist vanfær til umsýslu, ræðir nú um við Þorgils, biður hann taka við liðinu. Þorgils sagði það skylt að hann veitti slíkt fulltingi er hann má. Faðir hans ræðir við hann að hann fái sér kvonfang og biðji Ásvarar Þórisdóttur. Og það varð og fór hún með honum til búsinu og tókust með þeim ástir góðar og áttu tvö börn. Sonur þeirra hét Helgi en dóttir Guðrún. Þorgils var þá vel tuttugu vetra.

## 3. kafli

Hrani hét maður og var kallaður gullhöttur. Hann var fóstri Þorgils en frændi Ásvarar. Hann var hávaðamaður mikill og var heimamaður að Hofi og var kallaður grályndur.

Þorkell hét maður og var kallaður flettir. Hann var heimamaður að Hofi og frændi þeirra Hofverja, mikill og sterkur.

Þorbjörn hét maður. Hann bjó í Sveinungsvík. Það er á milli Melrakkasléttu og Þistilsfjarðar. Þorbjörn var drengur góður og rammur maður að afli, vinur góður Þorsteins hvíta.

Maður er nefndur Þorfinnur. Hann bjó að Skeggjastöðum í Hnefilsdal. Hann átti og enn annað bú. Þorgerður hét kona hans. Þau áttu þrjá sonu og hét Þorsteinn sonur þeirra og var kallaður fagri, annar Einar, þriðji Þorkell. Allir voru þeir mannvænlegir. Þorsteinn var fyrir þeim bræðrum. Hann var fullkominn að aldri er hér er komið sögunni.

Kraki hét maður og bjó hann á þeim bæ er heitir á Krakalæk. Kraki var vel auðigur maður, kvongaður maður og hét kona hans Guðrún. Þau áttu dóttur eina barna er Helga hét og var allra kvenna fríðust og þótti sá kostur bestur í Fljótsdalshéraði.

Þess er getið að Þorsteinn fagri beiddist fjárlánstillaga af föður sínum og kvaðst vilja fara af landi á brott. Þorfinnur kvað svo vera skyldu. Leggur hann til slíkt sem hann beiddist. Hefir hann verið í förum nokkur sumur, verður honum gott til fjár og metnaðar og hvert sinn er hann var utan lagði hann nokkuð eftir af fjárhlut þeim er hann þóttist þurfa og faðir hans.

Og eitt vor er Þorsteinn var út hér um veturinn kemur Einar Þórisson að máli við föður sinn og beiðist af honum tillags og segist vilja fara til félags við Þorstein. Þorsteinn kvaðst eigi mundu synja Einari félags og gefur honum skip hálf og telur þó að honum segi í meðallagi hugur um félag þeirra fyrir sakar óvinveitts skaplyndis Einars.

Þeir fóru utan og lögðu félag saman. Þorsteinn heldur öllu til virðingar Einari og virti hann í öllu mest og þó lagðist svo að Þorsteinn var meira virður en Einar af öðrum mönnum fyrir þess sakar að hann reyndist góður drengur og vinveittur í skaplyndi. Fór vel um stund félag þeirra.

## 4. kafli

Það er sagt einn vetur að þeir voru utan hér fóstbræður að Þorfinnur kemur að máli við Þorstein, hvern hann ætlaði sinn ráðahag að sumri. Þorsteinn kveðst utan ætla. Þorfinnur kvaðst heldur vilja að hann tæki við búí með honum. Þorsteinn svarar og sagðist engan hug hafa á því en kvað hann slíkt hafa af hans góssi sem hann vildi. Þorsteinn hafði mikið fé í förum.

Þorfinnur lést hugsað hafa ráð fyrir honum og lést vilja biðja honum til handa Helgu Krakadóttur. Þorsteinn kvað sér það ofráð er hún stóð ein til alls arfs eftir Kraka. Þorfinnur kvað vera jafnræði bæði fyrir ættar sakar og mannanar.

Fara þeir nú og vekja þetta mál við Kraka. Hann kallar sér þetta vel að skapi. Var þetta mál upp borið fyrir Helgu og fundust eigi afsvör í hennar máli. Voru þeir vottar að heitorði Þorsteins. Þorsteinn vildi fara utan fyrst en ráð skyldi takast þá er hann kæmi aftur.

Fara þeir Þorsteinn og Einar og tekur Þorsteinn skyrbjúg í hafi að því er þeir kalla og varð hann eigi liðfær. Menn hlógu að honum og var Einar upphafsmaður að því. Og er þeir komu til Noregs leigðu þeir þar skemmu eina en gáfu engan gaum að Þorsteini. Hann lá þar allan vetur. Einar spottar hann mjög og lét kveða um hann.

Og um vorið hitti Einar Þorstein og biður hann fjárskiptis, lést vilja hafa einn skip og kvað sér þykja Þorsteinn ólíklegur til utanferðar. Þorsteinn kvað eigi fjarri því farið hafa sem gat um skaplyndi Einars. Þeir skipta um vorið fjárhlut svo að Einar kaus en Þorsteinn skipti úr rúmi sínu.

Einar hlaut skipið og hélt til Íslands um sumarið. Og er hann kom út var hann spurður tíðinda. En hann kvaðst eigi kunna tíðindi greinilega að segja, kvað Þorstein eigi dauðan hafa verið sérlega en þó hefði hann eigi ólíklegur verið að hann mundi eigi aftur koma. Einar reið til föður síns og svívirtu mjög Þorstein í allri frásögu.

Um haustið kom skip af hafi í Reyðarfjörð. Einar reið til skips og keypti að Austmanni að hann segði andlát Þorsteins og svo gerði hann og allir skipmenn. Einar kom heim og sagði andlát Þorsteins og kvað hann hafa fengið herfilegan dauða þann vetur.

## 5. kafli

Einar bað föður sinn að hann skyldi biðja Helgu Krakadóttur. Þórir kvað svo vera skyldu. Nú fara þeir heiman og koma til Kraka og vekja bónorð við hann fyrir hönd Einars. Kraki kvaðst áður vilja vita til viss andlát Þorsteins en lést þá mundu gefa Einari konuna ef það væri áður til viss vitað. Þórir kvað það eigi sannlegt að Einar væri vonbiðill þeirrar konu er skjótt var heitin Þorsteini. Kraki lét eigi gangast svör þessa máls.

Fara þeir feðgar heim við svo búíð og litlu síðar ríður Einar norður til Hofs og segir Þorgilsi bónorðið og kveður sér hafa verið neitað.

Hrani var hjá og svaraði svo: "Illa koma þér Einar í hald góðir frændur ef þú skalt eigi fá konu þessa," kvað honum og lítið stoða að vera í vináttu við Þorgils ef hann skyldi einskis meta þessa sneypu er Einari var ger.

Þorgils svarar: "Mér virðist Kraki viturlega með fara og mundi eg svo gera ef eg ætti hans hlut."

Satt eitt sagði Einar frá orðum Kraka en þó eggjaði Hrani Þorgils að fara með honum. Þorgils kvað eigi létt hugur um segja þó að þessu ráði yrði komið í hendur honum. Síðan fóru þeir og hittu Kraka og hafði hann hin sömu svör fyrir sér sem fyrr.

Þorgils mælti þá: "Vera má að þú ráðir dóttur þinni en eigi muntu svo undan setja að þú fái eigi sakagiftir um annað."

Kraki mælti: "Eigi mun eg til þess hætta."

Hann fastnaði þá dóttur sína Einari og hafði sjálfur brúðkaup inni. Kraki skyldi vera úr öllum vanda um kaupbrigði við Þorstein.

## 6. kafli

Það er frá Þorsteini að segja að honum batnaði. Bjó hann skip sitt til Íslands og kom út næsta sumar eftir brúðkaupið í Reyðarfjörð og hafði selt Austmönnum skipið. Hann ætlaði til ráðahagsins við Helgu og láta af förum.

Og er hann kom til Íslands frétti hann alla þessa ráðabreytni. Fór hann þá til fundar við föður sinn og létu þó haldast skipsöluna eigi að síður. Þorsteinn lét lítt á sér finna um þetta mál. Hann keypti sér skip um veturinn er uppi stóð í Bulungarhöfn og bjó það að öllu. Bræður hans ætluðu með honum utan og

urðu eigi búnir svo skjótt sem hann því að þeir fóru að fjárheimtingum sínum um héraðið. Austmenn vesuðust illa er þeirra þurfti að bíða, bræðra Þorsteins, ef byr kæmi á.

Þorsteinn mælti þá: "Eg mun ríða frá skipi voru og hitta þá og biðja þá að þeir flýti sér en þér skuluð bíða mín hið skemmsta sjö nætur."

Þorsteinn reið utan eftir Öxarfirði úr Bulungarhöfn og upp á Möðrudalsheiði og ofan til Vopnafjarðar og svo austur yfir Smjörvatnsheiði og svo yfir Jökulsá að brú og svo yfir Fljótsdalsheiði og austur yfir Lagarfljót og upp með fljótinu uns hann kom í Atlavík snemma morguns. Þórir var farinn í skóg og húskarlar hans með honum ofan á Bulungarvöllu. Einar var heima og var eigi upp risinn er Þorsteinn kom að durunum. Kona var úti er Ósk hét. Hún spurði hver hinn komni maður væri.

Þorsteinn svarar: "Sigurður heiti eg og á eg að gjalda Einari skuld og vil eg nú afhenda honum og gakk þú inn og vek Einar og bið hann út ganga."

Þorsteinn hafði spjót í hendi og ullhött á höfði. Konan vakti Einar. Hann spurði hver kominn væri. Hún sagði að hann nefndist Sigurður. Einar stóð þá upp og kippti skóm á fætur sér og tók skikkju yfir sig og gekk út síðan. Og er hann kom út kenndi hann Einar að þar var kominn Þorsteinn og varð Einar nokkuð fár við.

Þorsteinn mælti: "Því em eg hér kominn að eg vil vita hverju er þú vilt bæta mér er þú gabbaðir skyrbjúg minn í hafi og hlóst að mér með hásetum þínum og mun eg vera alltilþægur að."

Einar mælti: "Heimtu fyrst að öllum þeim er hlógu að þér. Eg mun þá bæta þér ef allir bæta aðrir."

Þorsteinn svarar: "Eg em ekki svo fépurfa að eg nenni alla að sækja og vil eg að þú bætir fyrir þig."

Einar kveðst eigi bæta mundu og sneri hann undan og til svefnskemmunnar. Þorsteinn bað hann bíða og hrapa eigi svo skjótt til rekkjunnar Helgu. Einar gaf engan gaum að því er hann mælti. Síðan lagði Þorsteinn að Einari með spjótinu og í gegnum hann. Einar féll dauður inn í skemmuna. Þorsteinn bað griðkonuna greiða ferð Einars.

Þorsteinn ríður þá hina sömu leið aftur er hann reið fram. Hann reið vestur yfir háls til sels Þorbjarnar er stóð í milli Melrakkaslétu og Ormsár. Hann spurði Þorbjörn ef bræður hans hefðu þar komið en Þorbjörn kvað það eigi vera. Þorsteinn sagði honum tíðindin og bað hann segja bræðrum sínum að þeir flýttu sér til skips. Reið Þorsteinn þá til skips.

Griðkona gerði honum Þóri orð og lét segja honum víg Einars sonar síns og brá Þórir skjótt við og fór norður til Vopnafjarðar með tvo húskarla sína og fór á skipi yfir fljót og til Hofs. Sagði hann þeim Hofsmönnum víg Einars. Þorgils kvað sér eigi vel hafa hug um sagt þegar er Einar fékk Helgu. Þeir báðu hann eftir ríða. Hann lét þá taka hesta sína. Hrani frýði honum áður hugar ef hann seinkaði ferðinni. Þórir hvarf aftur og gerði það að ráði Þorgils en húskarlar hans fóru með Þorgilsi og voru þeir sjö saman og fóru síðan leið sína.

## 7. kafli

Bræður Þorsteins ríða til sels Þorbjarnar annan morgun eftir er Þorsteinn hafði þaðan riðið. Þeir höfðu þar dagverð en lögðust síðan niður til svefnis. Þorbjörn latti þá þessa mjög því að hann sagði þeim víg Einars og orðsending Þorsteins en Þorbjörn var vinur hvorratveggja.

Litlu síðar kom Þorgils og þeir sjö saman. Þorbjörn sagði þeim bræðrum að þeir Þorgils voru þar komnir og vakti hann þá. Hvergi máttu þeir undan komast.

Þorbjörn réð þeim að þeir græfu þar djúpa gröf í selinu fyrir durunum "en eg mun standa í durunum."

Og svo gerðu þeir.

Þeir Þorgils koma þá að selinu. Þóttist hann vita að þeir bræður mundu þar inni er hrossin voru mædd og nýkomin undan klyfjum.

"Veit eg," segir Þorgils, "að þeir eru hér."

Þorbjörn svarar: "Þú ert maður glöggvastur en þó eru þeir bræður eigi hér sem þú segir. En eg lét fara eftir viðum hross mín og höfum nýtekið af þeim klyfjar. eru þau nýkomin frá veturhúsum en áður gengu þau af rekaströndum til skálagerðar í Sveinungsvík og á eg hrossin."

Þorgils kvaðst eigi þessu trúa mundu "og far þú úr durunum og viljum vér rannsaka selið."

Þorbjörn kvaðst eigi það gera mundu "síðan þér trúið eigi minni tilsögu."

Hrani mælti: "Drepum hann þá ef hann vill eigi fara úr durunum."

Þorgils svarar: "Þá þykir föður mínum illa."

Þá bauð Þorkell flettir að fara á bak húsinu og hlaupa af veggnum ofan milli Þorbjarnar og duranna og bera hann svo frá durunum og ofan fyrir brekkuna. Þorgils bað hann svo gera. Síðan breytti Þorkell svo að Þorbjörn var með þessari aðferð borinn frá seldurunum. Síðan bundu þeir hann.

Eftir það gengu þeir að durunum og mátust þeir um hver þeirra fyrst skyldi inn ganga.

En er Þorgils fann þetta mælti hann: "Eigi verður oss nú hugmannlega er vér þorum eigi inn að ganga."

Þorgils hleypur þá inn. Þorbjörn aftaldi hann og sagðist letja hann inn að ganga en hann gaf engan gaum að orðum hans. Hann hafði skjöldinn yfir höfði sér. Hann snarar þá inn og hljóp í gröfina og drápu þeir bræður hann þar í gröfinni. Síðan rufu förunautar Þorgils selið og sóttu þá bræður um stundar sakar. Hrani gullhöttur lá á selveggnum og koglaði þann veg inn. Þá var hann lagður spjótí í höndina. Þeir bræður vörðust bæði vel og drengilega en féllu báðir þar að síðustu með góðan orðstír. Þar féllu og báðir húskarlar Þóris og hinn þriðji maður, Þorgils Þorsteinsson, er þá var þrítugur að aldri.

Þorbjörn var leystur síðan eftir fundinn. Hann færði alla vöru þeirra bræðra í Bulungarhöfn til skips og sagði Þorsteini tíðindin. Þorsteinn kvað Þorbjörn þetta vel gert hafa og skiljast með mikilli vináttu.

Þorsteinn fór utan um sumarið og var á brottu fimm vetur. Kom hann sér vel við höfðingja og þótti hinn röskvasti maður.

Hrani gullhöttur kom heim til Hofs og sagði Þorsteini hvíta að synir Þorfinns tveir væru fallnir og húskarlar Þóris tveir.

Þorsteinn spurði: "Hvar er Þorgils sonur minn?"

Hrani svarar: "Hann er og fallinn líka."

Þorsteinn mælti: "Fjandlega segir þú frá tíðindum. Illt hefir jafnan af þér hlotist og þínum ráðum."

Þetta þótti mönnum mikil tíðindi þá er spurðust. Um sumarið eftir voru mál til búinn á hendur Þorsteini Þorfinnssyni og varð hann sekur um víg Einars. Brodd-Helgi var þá þrevetur er faðir hans var drepinn og var þá þegar efnilegur maður að jöfnum aldri.

Þorsteinn Þorfinnsson fór til Íslands að fimm vetrum liðnum og kom skipi sínu í Miðfjörð. Hann reið þegar norður til Hofs við fimmta mann. Brodd-Helgi var þá átta vetra gamall og lék sér á hlaðinu úti og bauð þeim öllum þar að vera. Þorsteinn spurði hví hann laðaði gesti. Hann kvaðst þar allt eiga með afa sínum. Þeir Þorsteinn Þorfinnsson gengu inn eftir það. Þorsteinn hvíti kenndi farmanna daun og spurði hverjir komnir væru. Þorsteinn Þorfinnsson segir hið sanna.

Þorsteinn hvíti mælti: "Hvort þótti þér of lítil mín skapraun ef þú sóttir mig eigi heim, blindan karl og gamlan?"

Þorsteinn Þorfinnsson svarar: "Eigi gekk mér það til heldur hitt að eg vil bjóða þér sjálfðæmi fyrir Þorgils son þinn og hefi eg ærið góss til þess að bæta hann svo að eigi hafi annar maður dýrri verið."

Þorsteinn hvíti kvaðst eigi vilja bera Þorgils son sinn í sjóði. Þorsteinn Þorfinnsson og var kallaður Þorsteinn fagri, hann sprettur þá upp og leggur höfuð sitt í kné Þorsteini hvíta nafna sínum.

Þorsteinn hvíti svarar þá: "Eigi vil eg láta höfuð þitt af hálsi slá. Munu þar eyru sæmst sem uxu. En þá geri eg sætt okkar í millum að þú skalt fara hingað til Hofs til umsýslu með allt þitt og ver hér meðan eg vil en þú sel skip þitt."

Þessari sætt játar Þorsteinn fagri. Og er þeir kumpánar gengu út lék sveinninn Helgi Þorgilsson sér að gullreknun spjóti er Þorsteinn fagri hafði sett hjá durunum er hann gekk inn.

Þorsteinn fagri mælti við Helga: "Viltu þiggja að mér spjótið?"

Helgi ræðst þá um við Þorstein hvíta fóstura sinn hvort hann skyldi þiggja spjótið að Þorsteini fagra. Þorsteinn hvíti svarar, bað hann þiggja víst og launa sem best.

Þorsteinn fagri var eina nótt að Hofi í það sinni. Þorsteinn fagri fór til skips síns og seldi það. Síðan færði hann sig til Hofs í Vopnafjörð með allt sitt. Hann færði mjög fram kvikfé Þorsteins hvíta nafna síns.

En er hann hafði þar verið nokkura stund þá vildi Þorsteinn hvíti að Þorsteinn nafni hans bæði Helgu Krakadóttur og svo gerði hann. Þorsteinn hvíti var í ferð með honum og gengu þau mál vel fram og þótti Kraka þetta gert eftir sínu skaplyndi. Fór Helga þá til Hofs með Þorsteini fagra því að Þorsteinn hvíti vildi brúðkaupið inni hafa því að hann þóttist hrumur til að fara að sækja brúðkaupið annars staðar og af því var svo gert. Boðið fór vel fram. Voru samfarar þeirra góðar.

Átta vetur var Þorsteinn fagri að Hofi með nafna sínum og var honum í sonar stað í allri umsýslu.

Og þá er svo var komið tímum mælti Þorsteinn hvíti til nafna síns: "Vel hefir þú gefist mér og ertu röskur maður og drengur góður um alla hluti og vel að þér búinn. Nú vil eg að þú bregðir þessu ráði og svo föður þíns og Kraka mágs þíns og ráðist allir til utanferðar með allt það er þér eigið því að eg ætla Helga frænda mínum og fóstura gerast mjög þungt til þín. En hann er nú átján vetra gamall. En það er líkast að eg verði maður ekki langlífur héðan af en eg vildi að við skildumst vel en Helgi frændi minn mun verða ofsamaður mikill og engi jafnaðarmaður. Nú haf þú ráð mitt um þetta og ver hér eigi lengur

en eg legg ráð til."

Þorsteinn fagri kvað svo vera skyldu. Þorsteinn fagri keypti tvö skip og fór utan með allt sitt skuldalið. Þorfinnur faðir hans fór og utan og Kraki mágur hans. Þeir komu norðarlega við Noreg og fóru um sumarið eftir norður á Hálogaland og ílentust þar með öllu liði sínu. Bjó Þorsteinn fagri þar á meðan hann lifði og þótti hinn vaskasti maður.

## 8. kafli

Helgi óx upp með Þorsteini hvíta fóstura sínum. Hann gerðist mikill maður og sterkur, bráðger, vænn og stórmannlegur og ekki málugur í barnæsku, ódæll og óvæginn þegar á unga aldri. Hann var hugkvæmur og margbreytinn.

Það var einn dag að Hofi er naut voru að stöðli, þar var griðungur einn kominn til nautanna, mikill og stór. Annar griðungur var heima fyrir, mikill og ógurlegur, er þeir frændur áttu. Helgi var þá úti staddur og sá að griðungarnir gengust að og stönguðust og varð heimagriðungurinn vanhluta fyrir búigriðunginum.

En er Helgi sér það gengur hann inn og sækir sér mannbrodda stóra og bindur þá framan í ennið á heimagriðunginum. Síðan taka þeir til og stangast sem áður allt þar til er heimagriðungurinn stangar hinn til dauðs. Höfðu mannbroddarnir gengið á hol.

Þótti flestum mönnum þetta vera bellibragð er Helgi hafði gert. Fékk hann af þessu það viðurnefni að hann var kallaður Brodd-Helgi en þá þótti mönnum það miklu heillavænlegra að hafa tvö nöfn. Var það þá átrúnaður manna að þeir menn mundu lengur lifa sem tvö nöfn hefðu. Skjótt var það auðséð á Helga að hann mundi verða höfðingi mikill og engi jafnaðarmaður.

Einn vetur lifði Þorsteinn hvíti síðan er þeir Þorsteinn fagri skildu og þótti hann verið hafa hið mesta mikilmenni.

Geitir í Krossavík átti Hallkötlu dóttur Þiðranda hins gamla Ketilssonar þryms, sonar Geitis og Hallkötlu. Með þeim Geiti og Brodd-Helga var vinátta mikil í fyrstu en minnkaðist svo sem á leið og varð úr fullur fjandskapur sem segir í Vopnfirðinga sögu.

Og lýkur hér sögu Þorsteins hins hvíta.